

Bæjarráð Hveragerðisbæjar vill frekari vernd á Hengilssvæðinu



Myndin er tekin sumarið 2020 og sýnir umhverfi Reykjadal og útsýni yfir til Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 4. febrúar sl. var lagt fram erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun

um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál. Afgreiðsla bæjarráðs var svohljóðandi:

„Bæjarráð fagnar því að Grændalur og Bitra á Hengilssvæði skuli vera sett í verndarflokk í áætluninni enda er

þar um að ræða einstaka náttúru sem greinilega er orðin sátt um að beri að vernda. Um leið undrast bæjarráð að Þverárdalur skuli vera settur í nýtingarflokk. Þverárdalur ásamt Innstadal, sem felldur er undir biðflokk, býr yfir einstakri fjölbreytni og fegurð, sem nauðsynlegt er að varðveita ekki síst fyrir komandi kynslóðir. Hengilssvæðið er ómetanleg náttúruperla í næsta nágrenni við þéttbýlasta svæði landsins og býður það upp á staði þar sem hægt er að njóta öræfakýrðar þrátt fyrir þéttbýlið allt um kring. Dalirnir hér norðan við Hveragerði og svæðið í kringum Ölkelduháls eru einstakt náttúruundur og það umhverfi ætti að vernda með öllum tiltækum ráðum. Því svæði tilheyrir m.a. Þverárdalur, Reykjadalur og Grændalur, Kattatjarnir og annað umhverfi Hengilsins.“ Bæjarráð fól bæjarstjóra að koma þessum sjónarmiðum bæjarráðs til nefndarmanna.

Sungu fyrir íbúa á Kirkjuhvoli

Það var kátur hópur leikskólabarna og starfsfólks leikskólans Arkar á Hvolsvelli sem þrammaði fylktu liði að Kirkjuhvoli í síðustu viku. Þar voru mætt börn á aldrinum 1 árs - 6 ára. Tilefnið var Dagur leikskólans. Þetta var í 14. skipti sem þessum skemmtilega degi er fagnað. Íbúar á Kirkjuhvoli voru ánægðir með fallegan söng barnanna.



Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar og Elsa Fjöla Þráinsdóttir, launafulltrúi, báru hitann og þungann af vinnunni við jafnlaunavottunina.

Bláskógabyggð jafnlaunavottuð

Bláskógabyggð hefur hlotið jafnlaunavottun sem er staðfesting á því að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins samræmist kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Með innleiðingu jafnlaunastaðals hefur sveitarfélagið komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum byggist á mál-efnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismun.

Faggiltur úttektaraðili vott-

unarinnar var BSI á Íslandi og fór lokaúttekt á jafnlaunakerfinu fram 17. nóvember sl. og var formlegt skirteini um jafnlaunavottun gefið út þann 1. desember 2020. Undirbúningur hófst í byrjun þessa árs og unnu fimm sveitarfélög saman í því ferli, þ.e. auk Bláskógabyggðar voru það Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Ráðgjafi frá Strategíu ehf. leiddi þá vinnu, m.a. launagreiningu sem leiddi í ljós að hjá Bláskógabyggð var launamunur 0,6% konum í hag.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656




Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

AFMÆLISVIKA

10.-17. febrúar fögnum við 47 ára afmæli!

Með þakklæti fyrir öll árin bjóðum við frábær afmælistilboð

50-70% afsláttur af útsöluvörum

20% afsláttur af nýjum vörum

20% afsláttur af nýjum vörum á tiskuverslun.is

Notaðu afsláttakóðann **afmaeli47**



LINDIN
TISKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna. Fellum og fjarlægjum stór tré. Við höfum tæki og fagmenn í verkið.

Sími 894 0444
bokkiehf@gmail.com

BOKKI
GARÐAR

Opnun Stekkjaskóla og kynning á nemendafærslu milli skóla

Skólastjórnendur í Árborg og stjórnendur hjá skólalöndum eru nú að undirbúa opnun Stekkjaskóla næsta haust og nemendafærslu frá Sunnu-lækjarskóla og Vallaskóla í nýja skólann. Stefnt er að því að senda kynningarbréf til foreldra í lok vikunnar.

Í fyrstu verður Stekkjaskóli starfræktur í rúmgóðum, snyrtilegum og færanlegum kennslustofueiningum sem verða allar tengdar saman með miðrymi. Stefnt er að því að taka fyrsta áfanga nýbyggingar Stekkjaskóla í notkun haustið 2022.

Nokkur góð dæmi eru til hér á landi af stofnun nýrra skóla í færanlegum kennslustofueiningum og má þar til að mynda nefna Norðlingaskóla í Reykjavík og Stapaskóla í Reykjanesbæ.

Lögð verður áhersla á að skólalöndin verði vel afmörkuð og henti vel til útikennslu og leikja. Jafnframt verða byggingasvæði í næsta nágrenni afgirt.

Nemendur Stekkjaskóla fara með skólabilum í sund í Sundhöll Selfoss og íþróttir í Vallaskóla.

Búið er að ráða tvo skólastjórnendur og tók Hilmar Björgvinsson formlega til starfa sem skólastjóri 1. janúar síðastliðinn og Ástrós Rún Sigurðardóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarskólastjóri frá og með 1. mars nk. Bæði hafa þau mikla og góða reynslu af kennslu- og stjórnunarstörfum í grunnskólum. Ástrós og Hilmar ætla að leggja áherslu á skapandi og sveigjanlega kennsluhætti, gott samstarf við foreldra og velliðan nemenda og alls starfsfólks. Þau munu halda fund með foreldrum er nær dregur vori.

Hrós vikunnar

Sigurður og Mábil á Geysi eru hrósarar vikunnar að þessu sinni:



Sigurður og Mábil

Við viljum byrja á því að þakka fallega kveðju frá hjónunum frá Brekku. Ómetanlegt að eiga góða sveitunga og nágretta eins og þau eru. Við viljum hrósa yfirmatreiðslumeistara okkar Bjarka Ingþóri Hilmarssyni. Hann er ómetanlegur vinur og samstarfsfélagi. Hann hefur starfað með okkur á Hótel Geysi í 29 ár sem er ómetanlegt. Hann er alltaf tilbúinn að taka þátt í öllum verkefnum með okkur af heilum hug. Það stendur aldrei í honum hvort sem það er matseld, hönnun á nýju eldhúsi, þróun eða frumkvæði þá tekur Bjarki alltaf þátt með okkur. Hann er eldklár hvort sem um ræðir í matseld eða með hamar í hendi. Hann er kletturinn okkar þegar það er brjáláð að gera en gefur sig líka allan fram við að þjálfar upp nýja matreiðslumenn og ausa úr sínum viskubrunni. Við erum þakklát og auðmjúk fyrir að hafa kynnst Bjarka og hafa fengið að starfa með honum í öll þessi ár.

Sigurður og Mábil

Við skorum á Bjarka að koma með næsta hrós.

Sýningin Troika í Listasafni Árnesinga

Sýningaropnun verður á Sýningunni Troika í Listasafni Árnesinga þann 6. - 7. febrúar nk. Rússneska orðið troika, тройка, þýðir einfaldlega „hópur þriggja,“ stundum þýtt þríeyki. Orðið getur átt við rússneskan þjóddans þriggja dansara, eða ungverskan hestvagn sem dreginn er af þremur hestum sem eru beislaðir með löngu bili á milli framan við sleða eða vagn. Yfirleitt er miðjuhesturinn látinn brokka á meðan ytri hestarnir eru á stökki. Troika er líka orð sem notað er í yfirfærðri merkingu til að lýsa þrem jöfnum leiðtogum sem vinna saman í hópi: þríeyki. Það skiptir ekki máli hvaða skilgreiningu á orðinu við veljum, troika þýðir alltaf hraðvirkur og samheldinn hópur. Það mun vera í höndum áhorfandans að velja hver þeirra sem taka þátt í sýningunni í Listasafni Árnesinga muni brokka, og gæti bilið á milli þeirra einnig breyst milli verka og með tímanum. Það er



hins vegar ljóst að sá sáttmáli sem myndast hefur fyrir þessa sýningu og takturinn sem hún fylgir, mun styrkja þær huglægu tengingar sem myndast hafa milli þessara þriggja listamanna. Listamennirnir þrjú hafa fylgst að í gegnum árin af mismiklum krafti, stundum á brokki, stundum á stökki, eða á liðandi tölti. En það sem þau eiga sameiginlegt er að það sem

gæti við fyrstu sýn virst eins og klassískur „islenskur minimalismi“ – lágstemmd, áþreifanleg abstraktlist – gæti eftir allt saman verið að hylja dálítið annað. Eftir þýðingar og endurstillingar virkar þessi sýning eins og rússnesk dúkka, Matryoshka, þar sem nánast hvert einasta verk felur annað verk innra með sér. Það væri jafnvel hægt að kalla sýninguna Trojuhests-Troiku.





Skalli

Sá svalasti í bænum

**Stór pizza með
premur áleggstegundum
á aðeins 1.449 kr.
alla daga í febrúar**

Frelsi og fjötrar

Víðtæk sátt þarf að nást um hálendisþjóðgarð allra Íslendinga eigi hann að verða að veruleika. Málið er umdeilt og sjónarmið eru margvísleg og því brýnt að vanda til undirbúnings með hlíðsjón af því markmiði sem sátt verður um. Óheft aðgengi að miðhálandinu eru verðmæti í hugum almennings sem hefur kynnst náttúru og menningu og haft frelsi til athafna og upplifunar. Hefðbundin landnýting og nýttjar hafa verið stundaðar á hálendi Íslands í hundruð ára og hafa margar hverjar menningarlegt gildi. Þannig er svæðið mikilvægt fyrir það fólk sem hefur um áráraðir haft umsjón með hálendinu, sinnt því af trúmennsku og á faglegan hátt. Þá sé um að ræða eitt mikilvægasta útivistarsvæði almennings til ýmissa nytja og afþreyingar.

Vernd og nýting

Almennt má segja að mikilvægt er að vernda viðkvæma hluta landsins, nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt og um leið að auðvelda fólki að upplifa og njóta frelsis í náttúrunni. Samvinna þarf að vera um vernd og nýtingu miðhálandisins eins og annars lands í sameign þjóðarinnar.

Í stjórnarsáttmálanum var fjallað um að stofnaður yrði þjóðgarður á miðhálandinu í samráði þverpólíttískrar þingmannanefndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sveitarfélaga, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra hagsmunaaðila. Í stjórnarsáttmálanum var ekki tilgreint um stærð þjóðgarðs né stjórnfyrirkomulagið. Því fór það svo að þingflokkur Framsóknar lagðist gegn óbreyttu frumvarpi umhverfis- og auðlindaráðherra um hálendisþjóðgarð. Fyrirvararnir lúta að stærðartakmörkunum, valdi sveitarfélaga, frjálsri för, orkunýtingu ofl.

Fyrirvarar þingflokks Framsóknar

Ein nálgun gæti verið að byrja smátt í stað þess að teygja sig yfir stórt svæði en fyrirhuguð

stærð hálendisþjóðgarðs nær yfir 30% af Íslandi með snertiflöt við mörg sveitarfélög sem liggja að þjóðgarðsmörkum. Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að þau sé höfð með í ráðum og að samþykki þurfi frá viðeigandi sveitarstjórnnum um nákvæma afmörkun og skiptingu svæða í verndarflokka. Já, áskoranir eru margar. Til að mynda er töluverð áskoranir að koma á stjórnunarfyrirkomulagi Hálendisþjóðgarðs sem nær á fullnægjandi hátt til allra sjónarmiða sem eiga erindi í stefnumótun og ákvarðanatöku sem og valdsvið umdæmisráða. Þá er óvíst hvernig farið verður með valdheimildir einstakra sveitarfélaga yfir eigin mannvirkjum og öðrum eignum innan þjóðgarðsins.

Frjáls för

Enn er mörgum spurningum ósvarað um reglugerðir sem á eftir að semja, til dæmis um umferð og dvöl á hálendinu. Þingflokkur Framsóknar leggur því áherslu á að tryggja þurfi frjálsa för almennaréttar þannig að gangandi, hjólandi, ríðandi og akandi geti ferðast eins og nú um þjóðgarðinn án takmarkana. Margvísleg sjónarmið eru um útfærslur á stjórnun og vernd hálendisins en flest eiga þau það sameiginlegt að bera hag hálendisins og þar með landsins alls fyrir brjósti. Fólk sem býr við það hálendisins ber sterkar taugar til þess líkt og þeir sem búa fjarri hálendinu. Skilningur á náttúrunni gerist best með umgengni við landið og skynsamlegri nýtingu þeirra er það byggja. Mikilvægt er að hlusta vel á þessar raddir og virða tilfinningar þeirra sem láta sig málið varða áður en ákvörðun er tekin um svæði sem spannar um þriðjung af Íslandi.

Kjalvegur

Til að tryggja aðgengi að miðhálandinu er nauðsynlegt að viðurkenna og setja inn í laga-texta að byggja þurfi upp vegi t.a.m. Kjalveg og setja fjármuni í umhverfismat og hönnun. Jafnframt þarf að liggja fyrir að skipuleggja eigi aðra vegi með

Sigurður Ingi
Jóhannsson
formaður
Framsóknar



beinni tilvísun til skipulags og valdheimilda einstakra sveitarfélaga á sínu svæði. Einnig er óljóst með núverandi starfsemi einkaaðila og sveitarfélaga við hugmyndir um starfsemi og fjármögnun þjóðgarðs. Þá gerir þingflokkur Framsóknar fyrirvara um að afmarka þurfi orkuvinnslusvæði, svæði í biðflokki í rammaáætlun 3 og flutningsleiðir raforku á miðhálandinu, hvort sem þau verða innan eða utan þjóðgarðs.

Samtalið

Að þessu sögðu er umtalsverð vinna eftir sem verður ekki hrist fram úr erminni á nokkrum mánuðum. Samtalið sem umhverfis- og auðlindaráðherra hefur átt um allt land þarf að halda áfram því enn er langt í land ef áformin eiga ná að verða að veruleika. Alls bárust 149 umsagnir til umhverfis- og samgöngunefndar sem hefur nú málið til umfjöllunar. Umsagnirnar koma víða að úr þjóðfélaginu sem ber þess merki að almenningsi er virkilega annt um að ekki verði gerðar stórar breytingar eða byltingar sem skerða frelsi og lífsgæði fólks. Lífsgæði Íslendinga byggjast á því að skapa tækifæri af þeim verðmætum sem landið gefur okkur á sjálfbæran hátt. Landnýting þjóðgarðs er stór ákvörðun sem þarfnað víðtækrar sáttar.

Hálendið er ekki í hættu. Á síðustu árum hefur ríkt víðtæk sátt um að hálendið sé mikilvægur hluti af landinu, af okkur sjálfum. Þeir fyrirvarar sem við í Framsókn setjum fyrir framhaldinu snúast um að varðveita þá sátt, þann frið, sem ríkir um hálendið.



Matgæðingur vikunnar er
Bergur Jónsson.

Ég vil byrja á því að þakka Guðmundi Friðriki Björgvinsyni fyrir tækifærið að fá að láta ljós mitt skína sem Sunnlenski matgæðingurinn. Ég hef beðið spenntur og loksins er komið að því, þökk sé þér, Guðmundur (við ræðum það betur síðar). Þar sem ég er fæddur og uppallinn austur á Héraði væri líklega mest við hæfi að koma með uppskrift með hreindýrakjöti sem ásamt lambakjöti er í miklu upphaldi hjá mér, en þar sem það er ekki alltaf á boðstólum hér á Suðurlandi ætla ég að koma með eina eðal lambakjötsuppskrift. Ég hef mjög gaman af því að elda og er eldamennska og góður matur stór þáttur í daglegu lífi hjá okkur hér í Syðri-Gegnishólum. Varðandi uppskriftir fæ ég hugmyndir úr ýmsum áttum, en verð að segja það að ég elda aldrei eftir uppskrift og þess vegna fylgja hér á eftir lýsingar á hvað ég geri frekar en nákvæm mál. Það er með eldamennsku eins og reidmennsku; þegar einnihaldið er til staðar verður maður að fylgja tilfinningunni um hversu mikið á að nota af hverju til þess að útkoman verði frábær. Það er meginregla hjá okkur að kaupa og styðja íslenska framleiðslu, ef ekki er til íslenskt, þá lífrænt, og ef það er ekki til þá er það bara þannig. Trix númer tvö er eins og kokkurinn í eldhúsinu sagði svo snilldarlega, ef bragðið er ekki nógu gott þá er það vegna þess að það vantar smjör og við því er bara eitt ráð og það er að bæta við smjöri.

1. Lambahryggur frá SS. Best að kaupa beint þaðan, þá er hægt að velja stærð, gæði og fitumagn, en ég kys að hafa hann frekar feitan þar sem ég sker hann í tígla að ofan.

2. Búin til kryddblanda sem er hituð í potti með 300 g af íslensku smjöri, Best á lambið, salt, pipar og Húnagulli, snilldar íslenskt krydd sem oftast fæst í Nettó. Blandan er pensluð ofan á hrygginn á meðan á steikingu stendur með jöfnu millibili.



Ég ætla að skora á Árna Sigfús Birgisson að vera næsti matgæðingur

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



3. Hryggurinn steikist á 170 gráðum í ca. 1½ klukkustund þar til gegnumsteiktur og farinn að vera „krispí“ ofan á.

Sósa gerð úr soðinu og hveiti, a.m.k. ½ piparosti, rjóna og smá tamari-sósa. Kryddað eftir smekk.

Kartöflur og rótargrænmetisréttur

Kartöflur, rófur, gulrætur og hvítlaukur skorid í báta og bita, kryddað með salti og pipar, dreift á ofnskúffu, þarf að lofta á milli til að það verði „krispí“. Steikt í ofni á ca. 200 gráðum í 30-40 mín. með slatta af smjöri.

Salat

Íslenskt spinat og salat frá Lambhaga. Rófur og gulrætur, frekar smátt skorid.

Íslenskir tómar Fetaostur blandaður með olíunni í salatið, ca. ½ krukka

Með salatinu eru bornar á hakkaðar döðlur, lífrænn laukur, skorinn fint, helst rauður og ristud hnetublanda, blandaða með dassi af Tamari-sósu sem er búin til úr ýmsum lífrænt ræktuðum fræjum sem í boði eru hverju sinni.

Borið fram með heimatilbúinni rabarbarasultu.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er látin lífi bjarga,
líka jurtafræjum safna.
Ég hef þurrkað mýri marga.
Af mínum völdum listir dafna.

Svar við gátu í blaði 2583: BOD.

1. lína: Ambod - 2. lína: Tilkyning um boð
3. lína: Vín- eða kaffiboð - 4. lína: Boðorð



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Lítum inn á við



Nýtt blað

komið út á husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

33%



Makita

37.495 kr

49.995 kr

Höggborvél 18V
5255490

25%



DOMO

5.990 kr

7.990 kr

Kaffivél
1841178

20%



AEG

13.592 kr

16.990 kr

Ryksuga
1870001

30%



HiKOKI

10.395 kr

14.855 kr

Slípirokkur G13SR4
5247370

25%



orthex™

10.493 kr

13.990 kr

Sorpflokkunarsett
2002881

LADY málning JOTUN

20%

afsláttur



20%



EVASCO

8.395 kr

10.495 kr

Hillurekki 265
5803675

20%



LAUFEN

11.588 kr

14.465 kr

Veggskál
7920010

Electrolux



69.990 kr

79.990 kr

Þvottavél 8kg
1860084

26%



NEO

36.995 kr

49.995 kr

Verkfæraskápur
5024494

25%



BLACK+DECKER


15.995 kr

50.375 kr

Borvél 12V
5245566

Gerum heimilið fínt í febrúar

Glæsileg mynd af Íslandi í janúar



Vedurstofan birti á dögunum mynd frá veðurtunglinu frá stofnuninni MODIS í Bandaríkjunum, sem er á vegum NASA. Þann 28. janúar sl. laust eftir hádegisdók veðurtunglið mynd af landinu þar sem Suðurlandið er því sem næst autt en snjór á restinni af landinu. Margir hafa haft það á orði við blaðamann að veðrið sé heldur skárri nú um mundir en á sama tíma fyrir ári. Myndin er alltént falleg og hennar, ásamt fleiri viðlíka, má njóta á vef Vedurstofunnar ef fólk vill. -gpp

Börn að selja viðkvæmar myndir í gegnum samfélagsmiðla



Í framhaldi af umræðu á RÚV í um rannsókn á greiðslum netniðinga til barna fyrir nektar-myndir vill forvarnahópur Árborgar vekja sérstaka athygli á málinu þar sem t.d. er reynt að hafa samskipti við börn í gegnum samfélagsmiðlana Snapchat, Instagram, Telegram og Tiktok ásamt einhverjum tölvuleikjum.

Forvarnahópur Árborgar vill hvetja foreldra til að ræða þessa hluti við börnin sín sem hafa snjallsíma og aðgang að samfélagsmiðlum og um leið fylgjast vel með notkun. Ljósmynd sem fer á internetið er því miður ekki hægt að ná til

baka og getur fylgt viðkomandi alla ævi með skelfilegum afleiðingum. Um leið vill forvarnahópur Árborgar benda á að flestir samfélagsmiðlar eru með 13 ára aldurstakmark.

Símanúmer Lögreglunnar á Suðurlandi er 444 2000 og er hægt að hafa samband við barnavernd Árborgar í síma 480 1900 á dagvinnutíma til að ræða við félagsráðgjafa. Komi upp neyðartilvik eftir að skrifstofu hefur verið lokað, getur þú hringt í 112 og sagt frá áhyggjum þínum. Netfang barnaverndarteymis Árborgar er barnavernd@arborg.is.

Kjusu

Við fáum einstaka sinnum óskir frá viðskiptavinum um uppskriftir og hér birtum við eina slíka, svokallaða kjusu. Kjusur eru húfur sem eru bundnar undir hökuna og er orðið líklegast úr dönsku, kyse. Hægt er að leika sér endalaust með framhlutann með ólíku úþrjóni og munstur-bekkjum sem og kantinum en úrtakan er klassísk.

Stærðir: 3ja mánaða (6 mánaða) 1-3ja ára. Garnið er Extra Fine Merino 120 frá Hjertegarn 1 (1) 2 dokkur og í úþrjóni og kanti er mohairgarnið Dolce frá Cewec, 1 dokka. Báðar tegundir eru til í mörgum fallegum litum.


Hringþrjónar (ágætt að nota langan þegar þrjónað er fram og til baka og stuttan eftir það) og sokkþrjónar no 4. Þrjónafesta 23 l = 10 sm.

Fitjið upp 68 (80) 92 lykkjur og þrjónið slétt fram og til baka (garðþrjón) 4 (4) 6 umferðir (2 (2) 3 garðar). Nú tekur við munsturþrjón en fyrstu 8 (10) 12 l eru alltaf þrjónaðar í garðþrjóni. Þrjónið sl þrjón á réttunni og brugðið á röngunni í munsturbekk og síðan 4 umferðir garðþrjón (2 garðar) alls 2 (3) 4 sinnum.

Þrjónið eina umf sl, sláið upp á 9 (11) 13 nýjar lykkjur og tengið saman í hring. Þá eru 77 (91) 105 l á þrjóninum. Þrj sl 6 (7) 9 umferðir.

Úrtaka

- *Þrj 9 (11) 13 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 4 umf sl.
- *Þrj 8 (10) 12 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 2 (2) 4 umf sl.
- *Þrj 7 (9) 11 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 2 umf sl.
- *Þrj 6 (8) 10 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 1 (2) 2 umf sl.
- *Þrj 5 (7) 9 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 1 (1) 2 umf sl.
- *Þrj 4 (6) 8 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 0 (1) 1 umf sl.
- *Þrj 3 (5) 7 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 0 (1) 1 umf sl.
- *Þrj 2 (4) 6 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 0 (1) 1 umf sl.
- *Þrj 1 (3) 5 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Þrj 0 (0) 1 umf sl.
- *Þrj 0 (2) 4 l og þrjónið 2 saman*. Endurtakið *-* út umferðina. Nú eru 7 l eftir á minnstu húfunni en þá er slitíð frá, endinn dreginn í gegnum lykkjurnar og hert að. Sama á við um stærri stærðirnar, halda áfram úrtökunni þar til 7 l eru eftir.



Efri mynd: Fullkláruð húfa, tilbúin til notkunar. Neðri mynd: Mynstur fyrir kjusuna.

Kanturinn er þrjónaður með mohairgarninu og er byrjað á því að sækja lykkjur, eina í hverja lykkju að framan og í hnakkalykkjurnar og einnig á milli garða í hliðunum. Þrjónið síðan eina umferð brugðna og eftir það sl þrjón 5 umferðir. Fellið laust af.

Að lokum eru þrjónaðar snúror og best að nota til þess tvo sokkþrjóna. Fitjið upp 3 l. Færið þær á hinn enda þrjónsins og þrjónið sl. Endurtakið þetta þar til lengdin er orðin 25 (30) 35 sm. Slítið frá 20 sm enda til að gera lítinn dúsk. Þræðið endann í nál og vefjið fjórum sinnum um tvo fingur en farið í gegnum endann á snúrunni í hvert skipti. Endið á því að hnýta tvisvar utanum buntið nálægt snúrunni og stingið nálinni að lokum þar í gegn. Klippið á lykkjurnar og endann í sömu lengd. Gerið aðra snúru eins og festið þær síðan við kjusuna.

Gott er að þvo fullgerða handavinnu í volgu sápuvatni og leggja til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Veiðar á flugfýl bannaðar?



Gömul hefð

Áður fyrr tíðkaðist það á hverju heimili á stórum svæðum, sérstaklega undir Eyjafjöllum, að veiða fýlsunga til vetrarins. Víða er þessum sið enn viðhaldið, hefðanna vegna og til að veiðiverkunar- og matreiðsluáferðir að þessu leyti falli ekki í gleyskunnar dá. Nýlega mælti umhverfisráðherra fyrir frumvarpi um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í lögnum er að finna nokkur nýmæli, en það sem vakti athygli mína við fyrstu sýn var að ef frumvarpið verður óbreytt að lögum munu svæðis- og hefðbundnar veiðar á fýlsungum alfarið leggjast af.

Heyra þessar veiðar sögunni til?

Í tíundu grein frumvarpsins er lagt bann við veiðum á ófleygum ungum. Það hefur tíðkast á svæðum undir Eyjafjöllum alla tíð að veiða fýlsunga. Þó þessi siður, sem var algengur á þessum slóðum og reyndar víðar, sé nú stundaður í miklu minna mæli, þá heldur fólk í gamlar hefðir bæði við veiðar og matseld að þessu leyti. Það væri því mikil eftirsjá í því að leggja fortakslaust bann við þessum sið. Veiðar í svo smáum stíl ættum við að halda í og leyfa. Flugfýllinn lendir oft í

Karl Gauti Hjaltason

Þingmaður
Miðflokksins í
Suðurlkjördæmi.



sjálfheldu og á þá fyrir höndum hungurdaða eða verða æti fyrir varg.

Víðtækar heimildir til ráðherra og stofnana hans

Í frumvarpinu er að finna víðtækar heimildir til handa ráðherra til friðunar með setningu reglugerða, svo sem um friðun fuglabjarga. Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði um veiðivörslu Umhverfisstofnunar sem tekur yfir allt landið. Veiðivörslan mun fylgja ákvæðinni eftirlitsáætlun sem verði undanþegin upplýsingalögum. Í þinginu hef ég varað við sífellt auknu framsali lög-gjafans á valdi til ráðherra og auknum heimildum stofnana til einhvers konar lögreglu- og sektarvalds og hér er skýr dæmi um slíkt.

Umsagnarferli

Nú er þetta frumvarp í umsagnarferli og er öllum frjálst að senda inn athugasemdir við það sem og önnur sem eru til meðferðar í þinginu og nefndum þess.

Leikskólinn Goðheimar Selfossi



Byggingar- og undirbúningsvinna við leikskólann Goðheima á Selfossi er í fullum gangi. Stefnt er að opnun þriggja deilda af sex núna á vorönn. Þó er ekki komin föst dagsetning á opnun leikskólans

eins og er. Á næstu dögum verða send boð til þeirra sem fá úthlutað leikskólalássi og eru á biðlista Goðheima. Sótt er um leikskólavist í Goðheimum á sama hátt og í aðra leikskóla í Árborg á vefsíðu Árborgar.

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is
Sími: 821-6610

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is
Sími: 772 9970

DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS



Úthlutun orlofshúsa Bárunnar, stéttarfélags fyrir sumarið 2021

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins í Grýluhrauni 9, við Þverlág 2 á Flúðum, Borgarbyggð 12 í Svignaskarði (skiptibústaður), í Kiðárskógi 1 í Húsafelli (skiptibústaður) og íbúð á Akureyri (Ásatún 12) til leigu sumarið 2021 fyrir félagsmenn.

Umsóknafrestur er frá 11. febrúar til 3. mars nk.

Sótt er um á Orlofssíðu Bárunnar, hægt er að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss eða í síma 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 5. mars nk.

Öllum umsóknum verður svarað.

Greiðslufrestur er til 11. mars eftir að úthlutað verður.

Verð á vikudvöl í bústöðunum er 20.000 kr. og fyrir íbúð á Akureyri 22.000 kr.

Vikuleigan á Flúðum, Grýluhrauni og Svignaskarði er frá föstudegi til föstudags.

Vikuleigan á Akureyri og Húsafelli er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Tímabilin eru:

Þverlág 2, Grýluhrauni 9, Borgarbyggð 12 – frá 28.05.2021 - 27.08.2021.

Akureyri, Kiðárskógi 1 - frá 02.06.2021 - 01.09.2021.

Íbúðinni í **Sóltúni 28**, Reykjavík, verður ekki úthlutað heldur verður hún í sveigjanlegri leigu eins ávallt.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss - sími 480 5000 - baran@baran.is - www.baran.is

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Eva María með sigur á Reykjavíkurleikunum

FRJÁLSAR Selfyssingurinn Eva María Baldursdóttir vann stórglæsilegan sigur í hástökki á Reykjavíkurleikunum en frjálsíþróttahluti keppinnar fór fram á sunnudag. Hún gerði sér lítið fyrir og bætti sinn besta árangur innanhúss um 2 sentimetra þegar hún sveif yfir 1,78 m.

Árangurinn er HSK-met bæði í flokkum 18-19 ára og 20-22 ára. Stórglæsileg byrjun á keppnistímabilinu hjá þessari efnilegu íþróttakonu. Eva María á best 1,81 m utanhúss og er hún búin að ná lágmarki á Evrópumeistaramót 20 ára og yngri sem verður vonandi hald-



Eva María setti nýtt HSK met. Ljósmynd: Umf. Selfoss

íð í sumar. Næsta mót hjá Evu Maríu er Unglingameistaramót Íslands sem verður haldið 27.-28. febrúar.

Hamar enn taplausir eftir toppslaginn

BLAK Hamarsmenn hafa ekki setið auðum höndum undanfarna daga en liðið hefur leikið fjóra leiki í deildinni síðastliðna 10 daga, tvo á heimavelli og tvo á útivelli.

Sunnudaginn 24. janúar, tóku Hamarsmenn á móti Aftur-eldingu í Hveragerði og unnu leikinn 3-1 og var þetta fyrsti leikur vetrarins sem Hamar tapaði hrinu.

27. janúar heimsótti liðið Þrótt í Vogu á Vatnsleysuströnd og sóttir þangað öruggan sigur, 3-0. Á sunnudag lagði liðið svo land undir fót og heimsótti Vestra á Ísafirði. Þar vannst enn einn 3-0 sigurinn þó Vestramenn hafi veitt ágætis mótspyrnu á köflum. Í kvöld áttust svo toppliðin, HK og Hamar við í Fagralundi en bæði lið voru taplaus fyrir leikinn í kvöld.

Hamarsmenn byrjuðu leikinn ef miklum krafti og unnu fyrstu hrinuna örugglega 25-18. Önnur hrinan var jöfn frá fyrstu



Hamarsmenn fagna stigi gegn Þrótti Vogum í síðustu viku. Mynd: Valdimar Hafsteinsson.

minútu. Hamarsmenn höfðu frumkvæðið í stigaskoruninni en gekk erfiðlega að hrissta HK menn af sér. Loftið var þó úr HK mönnum eftir 20 stig og vann Hamar á endanum öruggan sigur 25-21.

Í þriðju hrinu virtust Hamarsmenn hafa þetta í höndum sér og náðu 10-6 forystu. Þá tók HK

liðið við sér og náði forystu 12-11 en Hamarsmenn vöknudu þá aftur til lífsins og unnu að lokum sannfærandi 25-19 og leikinn þar með 3-0.

Hamarsmenn eru nú einir liða með fullt hús stiga og sitja á toppi deildarinnar með 21 stig eftir 7 leiki. Í öðru sæti er HK með 15 stig eftir 6 leiki.



Selfoss karfa í samstarf með Real Betis

KÖRFUBOLTI Selfoss karfa kynnr með stolti verkefni sem unnið hefur verið að undanfarna 12 mánuði með Real Betis á Spáni.

Um er að ræða samning um náið samstarf þessara tveggja félaga við uppbyggingu ungra og efnilegra leikmanna til að undirbúa þá fyrir hæsta getustig körfuboltans. Félögin munu vinna að sameiginlegri, faglegri sýn er varðar liðs-uppbyggingu, umgjörð, þróun leikmanna frá öllum hliðum og hinum æðri markmiðum körfuboltans.

Real Betis er félag sem leikur í ACB deildinni á Spáni, deild sem talin er vera sú besta í heimi, að NBA deildinni frá-talinni. Samstarf við spænska liðið er því stórt skref fram á við fyrir okkar litla félag, mikilvægur stuðningur við áframhaldandi vaxtarmöguleika og sókn Selfoss körfu að háleikum markmiðum á öllum sviðum.

Vinnan við þennan samning sem nú hefur verið undirritaður hófst að frumkvæði Chris Caird, aðalþjálfara Selfoss körfu, sem hefur verið í stöðugum og miklum samskiptum við fulltrúa spænska félagsins undanfarið ár.

„Þetta hefur verið afar spennandi ferli og skemmtilegt að mynda ný sambönd“, segir Chris. „Það er mikil lyftistöng og opnar nýjar víddir fyrir unglíngastarfið okkar að

fá innsýn í starf og þjálfun-araðferðir á svo háu getustigi. Að læra af Real Betis, félagi sem hefur ‘framleitt’ NBA leikmenn eins og Porzingis, Satoranski og Hernangomez, ásamt mörgum öðrum leikmönnum á efsta getustigi, veitir skilning á því hvaða leiðir eru vænlegastar til að þróa áfram akademíuna okkar, allt starf og skipulag. Það er ómetanlegt að fá til okkar einn af aðstoðarþjálfurum þeirra og við erum einnig afar spennt að fá að vinna með sumum af þeirra efnilegu leikmönnum hér á Selfossi. Það er heldur ekki litils virði fyrir okkar metnaðarfullu krakka að vita af fulltrúa Real Betis inni á gólfu á okkar heimavelli, með augun opin fyrir efnilegum leikmönnum sem gætu í framtíðinni átt möguleika á að kynnst unglíngastarfinu í Sevilla – og kannski einn daginn orðið leikmenn í ACB deildinni (Liga Endesa).“

Stjórn Selfoss körfu er afar ánægð með þróun mála og þakkar hlutaðeigandi fyrir mikla og óeigingjarna vinnu. Samningurinn brýtur blað í starfi félagsins að markmiðum sínum um gjöfult og gott uppbyggingarstarf fyrir ungdóm- inn, sem skapar þeim glæst tækifæri í framtíðinni og mun skila félaginu árangri á efri stigum.



Eva Núra og Anke Preuss í Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við miðjumanninn Evu Núru Abrahamsdóttur og þýska markvörðinn Anke Preuss og munu þær leika með félaginu á komandi leiktíð.

Eva Núra, sem er 26 ára, kemur til liðsins frá FH en hún hóf meistaraflökksferil sinn með Fylki og hefur einn-

ig leikið með Haukum. Samtals hefur hún leikið 193 meistaraflökksleiki fyrir þessi félög, þar af 109 í efstu deild.

Hún á einn A-landsleik að baki og fjölda landsleikja fyrir yngri landslið Íslands.

Fyrrum leikmaður Liverpool í markið

Preuss, sem er 29 ára gömul, er

reynslumikill leikmaður, Hún kemur til Selfoss frá sænska úrvalsdeildarliðinu Vitsjö en 2018-2020 var hún á mála hjá Liverpool á Englandi og þar áður hjá Sunderland. Í heimalandinu hefur hún leikið með Frankfurt, Hoffenheim og Duisburg. Hún á leiki með U20 og U16 ára landsliðum Þýskalands.



E.v. eru Selfyssingarnir Jakob, Breki, Egill, Úlfur og Vésteinn.

Fimm verðlaun á RIG - Egill með gull

JÚDÓ Allir fimm keppendur Selfoss unnu til verðlauna á Reykjavíkurleikunum um seinustu helgi og sýndu glæsileg til-þríf.

Egill Blöndal sigraði í -90 kg flokki og Úlfur Þór Böðvarsson hafnaði í öðru sæti í sama

flokki Vésteinn Bjarnason náði í silfur í -66 kg flokki á sínu fyrsta móti í flokki fullorðinna. Jakob Tomczyk fékk brons í -73 kg flokki eftir mikla keppni og Breki Bernhardsson fékk einnig brons í -81 kg.

-þp



Vilius átti frábæra leiki og varði hátt í tuttugu skot í hvorum leik. Ljósmynd: Sigurður Ástgeirsson.

Tveir góðir sigrar í Olísdeildinni

HANDBOLTI Selfyssingar unnu tvo góða sigra í Olísdeildinni í seinustu viku. Liðið gerði góða ferð í höfuðstaðinn á miðvikudag og sigraði Val í Origohöllinni í sínum fyrsta leik á nýju ári, 24-30. Á sunnudag tóku strákarnir á móti Þórsurum og unnu afar þægilegan sigur 33-24.

Selfyssingar byrjuðu leikinn gegn Val af miklum krafti og leiddu með þremur mörkum eftir kortersleik. Áfram héldu Selfyssingar og náðu mest fimm marka forskoti, 7-12 eftir um tuttugu mínútna leik. Valsmenn náðu þó að svara fyrir sig og minnkuðu muninn niður í þrjú mörk í hálfleik, 12-15. Selfoss

hélt uppteknum hætti í seinni hálfleik og hélt tveggja til fimm marka forskoti út allan seinni hálfleik. Lokatölur 24-30.

Mörk Selfoss: Ragnar Jóhannsson 8, Guðmundur Hólmur Helgason 5, Nökkvi Dan Elliðason og Sveinn Aron Sveinsson 4, Hergeir Grímsson og Tryggvi Þórisson 3, Atli Ævar Ingólfsson 2 og Einar Sverrisson 1. Varin skot: Vilius Rasimas 18 (43%).

Strákarnir völtuðu yfir Þórsara í skemmtilegum leik í 8. umferð Olísdeildarinnar. Í stuttu máli tóku Selfyssingar yfirhöndina strax í leiknum og létu forskotið aldrei af hendi. Frábær sóknarleikur og þéttur varnarleikur skilaði átta marka forystu

í hálfleik, 20-12. Þór byrjaði betur í seinni hálfleik en Selfoss stillti fókusinn aftur og sigldu að lokum níu marka sigri í höfn, 33-24.

Mörk Selfoss: Atli Ævar 7, Einar 5, Hergeir og Sveinn Aron 4, Ragnar og Guðmundur Hólmur 3, Magnús Öder Einarsson, Hannes Höskuldsson og Tryggvi Þórisson 2 og Nökkvi Dan Elliðason 1. Varin skot: Vilius 16 (43%) og Alexander Hrafnkels-son 2 (40%).

Næsti leikur hjá strákunum er gegn ÍR á morgun, fimmtudag kl. 20:15 í Austurbergi og verður leikurinn í beinni á ÍR TV. Leikurinn gegn ÍR er fyrsti leikurinn af þremur í röð á útivelli.

Brekka hjá stelpunum

HANDBOLTI Selfoss lá fyrir Aftureldingu í fjörugum leik í 6. umferð Grill 66 deildar kvenna á sunnudag.

Leikurinn var jafn fyrstu mínúturnar og var staðan 4-4 eftir um 10 mínútna leik. Þá kom góður kaflí Selfyssinga sem skorðu næstu þrjú mörk og var staðan orðin 7-4 skömmu seinna. Afturelding náði þó að jafna leikinn í 7-7 og var jafnræði með liðunum út fyrri hálfleik. Mosfellingar skorðu hins vegar tvö síðustu

mörkin fyrir leikhlé og var staðan 11-13 þegar stelpurnar gengu til búningsklefa.

Áfram hélt eins til þriggja marka bil á milli liðanna þar til um tíu mínútur lifðu af leiknum, þá gerði Afturelding annað áhlaup og komst fimm mörkum yfir. Selfyssingar náðu ekki að klóra í bakkann þrátt fyrir stórleik Áslaugar í markinu. Lokatölur 21-28.

Mörk Selfoss: Rakel Guðjónsdóttir 5, Elínborg Katla

Þorbjörnsdóttir, Elína Krista Sigurðardóttir, Agnes Sigurðardóttir og Katla Björg Ómarsdóttir 3, Ivana Raickovic 2, Inga Sól Björnsdóttir og Lara Zidek 1. Varin skot: Áslaug Ýr Bragadóttir 18 (40%).

Næsti leikur hjá stelpunum er gegn U-liði Vals á Hlíðarenda í kvöld, miðvikudag 10. febrúar kl. 19:30. Næsti heimaleikur er svo gegn ÍR sunnudaginn 6. febrúar kl. 13:30, að sjálfsögðu í þráðbeinni á SelfossTV.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Innritun í grunnskóla skólaárið 2021–2022

Innritun barna sem eru fædd árið 2015 og eiga að hefja skólagöngu í Sveitarfélaginu Árborg haustið 2021 fer fram á arborg.is/ Mín Árborg til 25. febrúar næstkomandi. Einnig er hægt að skróa börn í frístundaheimili og í mótuneyti á Mín Árborg.

Upplýsingar um skólahverfi hvers skóla er að finna á www.arborg.is.

Upplýsingar um innritun er hægt að fá í grunnskólunum og hjá þjónustuveri Árborgar í síma 480 1900.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
Stekkjaskóli
Sunnulækjarskóli
Vallaskóli

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt menning, velferð og samstarf svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni nýsköpun, bættri framleiðni og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur áherslur og úthlutunarreglur sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00



RÁDGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

STYRKIR@SASS.IS S. 480-8200 WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af

SÖKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun
Áttund

Yoga nidra byrjar
1. feb. og 3. feb.
Í beinu streymi
6. feb.

Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistar,
Hugræn atterlismedferð,
meta medicine.

TIL LEIGU

Íbúð í Þorlákshöfn
60 m² íbúð til leigu í Þorlákshöfn.
Eitt svefnherbergi. Stofa og eld-
hús sambyggt. Þvottahús og
geymsla í sameign. Einnig sér-
geymsla utan við íbúð. 145.000
kr. á mánuði. Reyklausir koma
bara til greina. Nánari uppl. í
síma 763 5667 (Helgi).

Stúdíóíbúð í Hveragerði
Ný stúdíóíbúð í Hveragerði til
leigu. Fullbúin húsgögnum og
heimilistækjum. Uppl. í síma 860
1957 eða 697 8782.

Tekurðu lífinu of alvarlega?

**Gunna
Stella**

Þegar ég var lítil stelpa dreymdi mig um að læra að dansa. Ég horfði á danskeppnir sem voru sýndar í sjónvarpinu með aðdáunaraugum. Í bænnum sem ég bjó í var ekki hægt að læra dans en íþróttakennararnir gerðu sitt besta og kenndu okkur einföld spor í gömlu dönsunum. Ég var hávaxin og það fái strákar í bekknum að ég þurfti að dansa karlmannssporið. Það var allavega betra en ekkert.

Ég hugsaði með mér að ef ég aðeins byggi nær höfuðborginni þá gæti ég lært dans. Svo gerðist það, ég flutti á suðurlandsundirlendið. Þegar ég nú átti möguleika á að láta draumi rætast þá þorði ég því ekki. Ég vildi ekki láta á mér bera og var hrædd við álit annarra. Það sem ég áttaði mig svo á seinna meir var að mig vantaði sjálfstraust til að fylgja eftir mínum eigin draumum. Ég var mjög góð í að falla inn í fjöldann. Ég var góð í að vera sammála síðasta ræðumanni. Ég var góð í að lesa upplifanir og tilfinningar annarra. En að hlusta á sjálfa mig, hvað var það?

Það var ekki fyrr en ég fór að vinna markvisst í sjálfri mér að ég fór að átta mig á því að ég hafði skoðanir, langanir, þrár og drauma sem ég þráði að fylgja eftir. Guð hafði gefið mér allskyns gjafir við fæðingu sem ég hafði kæft. Þegar ég fór að átta mig á því þá fór ég að tyna lögin ofan af og opna gjafirnar. Þvílíkt frelsi sem það er að fá að vera maður sjálfur. Það var enginn sem hafði sagt við mig að ég mætti ekki nota þessar gjafir eða fylgja mínum draumum. Það var ég sjálf sem eins og setti sjálfa mig í kassa.

Fyrir nokkrum árum las ég bók sem hafði góð áhrif á líf mitt. Þessi bók heitir Emotionally Healthy Spirituality og er eftir mann að nafni Pete Scazzero. Í þessari bók er fjallað um margt sem tengist því að læra að þekkja sjálfan sig betur og vaxa andlega. Það var eftir lestur þessarar bókar sem ég fór að gera það að hefði í lífi mínu að taka hvíldar-/hleðsludaga sem hefur haft mjög góð áhrif á líf mitt. Á einum stað í bókinni er sérstaklega talað um það að taka lífinu ekki of alvarlega og leika sér meira. Ég áttaði mig á því að ég hef allt of oft tekið lífinu

of alvarlega. Bæði sem barn, unglingur og fullorðin kona. Þegar maður fylgist með börnum að leik þá er í flestum tilfellum hægt að skynja gleði og ánægju. Það er eðlilegt að börn spái ekki í það hvað aðrir eru að hugsa þegar þau leika sér. Því miður er það samt ekki alltaf svo. Það eru börn sem taka lífinu of alvarlega af því að þau bera mikla ábyrgð og byrgðar sem þau eiga ekki að bera. Ef þú ert fullorðinn einstaklingur sem hefur tekið lífinu of alvarlega, jafnvel líka sem barn, þá hvet ég þig til að leyfa barninu í þér að koma fram. Leyfðu þér að gleðjast og hafa gaman án þess að þurfa vímuefni við hönd. Við búum á svo fallettu landi. Lífið er gjöf, - hver dagur er gjöf. Það að gleðjast og hafa gaman getur þýtt það að hlæja meira með öðrum, standa með sjálfum sér, gleyma sér í smástund, prófa eitthvað nýtt og rækta hæfleika sína. Það getur þýtt það að njóta matarins sem þú ert að borða. Finna lyktina og áferðina. Það getur þýtt það að dansa við uppáhalds tónlistina þína. Fara í göngutúr og njóta náttúrunnar og þess einstaka landslags sem við höfum hér á landi.

Ég átta mér draum um að læra dans sem barn. Sá draumur hefur ekki enn orðið að veruleika en er á „to do“ listanum þegar hægt verður sökum takmarkana í landinu okkar. Þó svo ég hafi ekki lært danssporin þá elska ég samt að dansa og hef leyft þeirri löngun og þrá að koma meira og meira upp á yfirborðið eftir því sem ég hef orðið minna vandræðaleg gagnvart sjálfri mér. Ég dansa heima hjá mér. Kveiki á skemmtilegri tónlist og dilla mér. Öðrum þykir kannski asnalegt hvernig ég dansa en það skiptir ekki máli. Maður þarf að hafa hómur fyrir sjálfum sér. Líka þegar maður heldur að maður sé einn inni í bílskúr að dansa þegar allt í einu tveir drengir stökva út úr skápnunum í bílskúrnum þar sem þeir voru á svo góðum stað í feluleik.

Hvað veitir þér gleði og ánægju? Það er spurning sem þú ein/n getur svarað.

Eigðu gleðiríkan dag, Gunna Stella.
Hlaðvarp: Einfaldara líf
www.gunnastella.is

ÞJÓNUSTA



Bollamiðlun Bollaspá

Les í kaffibolla og miðla því sem úr honum kemur.

Ásdís 866 6597

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta sunnudag 14. febrúar kl. 11.00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason. Fjarlægðar- og fjöldatakmörkunir skv. gildandi sóttvarnareglum. Hægt er að skrá sig fyrirfram í gegnum vefsíðuna sregill.net og tryggja þannig pláss í kirkjunni ef aðsókn fer yfir fjöldatakmörkanir.

Villikettir í Hveragerði fá afnot að Hveramörk 7

Dýraverndunarfélagið Villikettir í Hveragerði sendi inn ósk til Hveragerðisbæjar að fá full afnot af húsnæðinu að Hveramörk 7 á ársgrundvelli. Í bréfi félagsins til bæjarins segir m.a. „Til þess að sinna þessari dýravernd þá þurfum við að geta treyst á húsnæði, það er grundvallaratriði og hornsteinn fyrir starfið. Sjálfboðaliðar verða að getað komið köttum fyrir á öruggum stað. Ein villi- eða vergangslæða getur verið með tvö got yfir sumartímann og þá gerast hlutirnir hratt. Það hefur verið afar bagalegt fyrir starfið að vera húsnæðislaus síðastliðin sumur því sumarið er okkar annasamasti tími. Það þarf að auglýsa kisuna (það gerum við að lágmarki í 7 daga). Ef enginn gefur sig fram þá þarf að meta



hana hvort hún geti orðið heimiliskisa. Eftir geldingu þá þarf að halda henni í viku og einnig þarf að finna heimili. Það er því töluverður snúningur um eina kisu ef gera á hlutina vel.“

Bæjarráð tekur undir erindið og samþykkir að Villikettir fái afnot af húsnæðinu.

Stjórn SASS hefur skipað í fagråd í Uppbyggingarsjóði Suðurlands

Fagråd innan Uppbyggingarsjóðs Suðurlands fara yfir allar þær umsóknir sem í sjóðinn berast. Fagráðin eru tvö og hafa verið skipuð þannig fyrir árið 2021.

Fagråd menningarstyrkja

Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður myndasafns Þjóðminjasafns Íslands
Marteinn Steinar Þórsson, kvikmyndagerðarmaður
Inga Jónsdóttir, listfræðingur
Varamaður:
Aðalheiður M. Gunnarsdóttir, tónlistarkennari

Fagråd atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkja:

Helga Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri leikskólans Sóla Bergsteinn Einarsson, eigandi og framkvæmdastjóri Set ehf.
Laufey Helgadóttir, ferðaþjónustubóndi að Smyrlabjörgum
Varamaður:
Guðmundur H. Gunnarsson, nýsköpunarstjóri félagsins Skinney-Þinganes hf.

Rófurass í Listasafni Árnesinga

Sýningin Rófurass opnar dagana 5.-6. febrúar nk. í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Það er listakonan Bjargey Ólafsdóttir sem stendur að sýningunni.



Bjargey Ólafsdóttir lærði ljósmyndun, málalag og blandaða tækni í Listaháskóla Íslands og Listaakademíunni í Helsinki, og handritsgerð og leikstjórn í Binger Filmlab í Amsterdam. Hún vinnur í fjölbreyttum miðlum, og verður útkoman oft í formi ironískra verka, stundum ofbeldisfullra eða óhugnanlegra, og sækir hún innblástur í þráhyggjur og fantasíur nútímalífs. Persónurnar í verkum hennar eru gjarnan einstaklingar sem tynast í kunnuglegum en þó framandi aðstæðum. Hún hefur gert nokkrar kvikmyndir sem hlotið hafa lof gagnrýnenda, og hefur sýnt verk sín víða um lönd.

Sýningin samanstendur af teikningum, ljósmyndum, skúlpúr, kvikmyndum, málverkum og hljóðverkum. Ljós og myrkur leika líka hlutverk, sem kemur fram í myndskaiði frá 16mm filmu og í fösfor-málverkum. Með þessu breytist andrúmsloft verkanna frá því að snúast um hreina gleði yfir í að sýna uggvænlegan andlegan undirtón sem liggur eins og rauður þráður í gegnum sýninguna. Samhliða sýningunni er gefin út bók um sama efni.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

AUGLÝSING UM ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar óskar eftir tilboðum í framkvæmdina: **STEKKJASKÓLI, NÝR GRUNNSKÓLI Í ÁRBORG - HÚSBYGGING**, Útboð nr. U2006052.

Lauslegt yfirlit yfir verkið:

Verkið felst í byggingu fyrsta áfanga nýs skóla á Björkustykki á Selfossi. Byggingin er í nýju hverfi sem er í uppbyggingu sunnan við núverandi byggð á Selfossi. Byggingin er steipt, tvær hæðir auk kjallara/lagnagangs og er fyrsti áfangi 2500 m² að grunnfleti. Mannvirkið er klætt að utan, með steyptri loftaplötu og viðsnúnu þaki. Verkið felst í uppsteypu og fullnaðarfrágangi hússins bæði úti og inni. Þegar verkið hefst verður búið að framkvæma stóran hluta jarðvinnu (gröftur fyrir húsi og frágangur jarðvegspúða undir undirstöður) en nánar er um það fjallað í útboðsgögnum. Þá hefur verið lokið við að afmarka vinnusvæðið með girðingu.

Helstu stærðir og magntölur eru:

- Birt flatarmál 4.560 m²
- Heildar rúmmál 14.110 m³
- Malarfylling 4.900 m³
- Steypumót 11.000 m²
- Steinsteypa 2.300 m³
- Bendistál 245.000 kg
- Utanhúss klæðning 2.040 m²
- Þakfrágangur 2.330 m²
- Gólfúður 3.260 m²
- Frárennsli 1.400 m
- Neysluvatn 1.600 m
- Vatnsúði 2.600 m

Upphaf framkvæmda: Framkvæmd hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda.

Lok framkvæmda: Verkinu skal skila í þremur áföngum eins og þeim er lýst í útboðsgögnum, en loka skiladagur verksins er 30. júní 2022.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með **þriðjudeginum 9. febrúar 2021**. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum:

<https://arborg.ajoursystem.is/>

Tender/DirectLink/32551479-46e8-4769-a3cc-7392b82bd278

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér:
<https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Gögnum þáttakenda skal skila inn rafrænt í útboðskerfinu Ajour fyrir **kl. 14.00 miðvikudaginn 17. mars 2021**. Fyrirmælum varðandi skil gagna er nánar lýst í útboðsgögnum.

Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

Átt þú erindi á þing?



Píratar óska eftir framboðum

Prófkjör Pírata til Alþingiskosninga 2021

- Frestur til að eiga rétt á að kjósa í prófkjörum Pírata rennur út 13. febrúar.
- Frestur til að tilkynna framboð í prófkjörum Pírata rennur út 3. mars.

Rafrænar kosningar hefjast 3. mars og standa yfir í eina viku.

Kynntu þér málið

piratar.is/kosningar

kosningastjorn@piratar.is | sími: 546-2000

Framkvæmdir við nýja aðstöðu Byggðasafns Árnesinga



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga rita undir samning um 25 milljóna króna stofnstyrk til safnsins vegna kaupa og framkvæmda við Búðarstíg 22.

Í vor flytur Byggðasafn Árnesinga innri aðstöðu sína úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22. Búðarstígur 22 er að jafnaði nefnt Alpan-húsið en nú væri upplagt að finna byggingunni nýtt nafn í takt við nýtt hlutverk. Húsnæðið var keypt af safninu árið 2019 fyrir innra safnastarf, skrifstofu, varðveisluaðstöðu, fræðslurými og sýningarsal. Síðan húsnæðið var keypt hefur

verið unnið að framkvæmdum og stefnt að verklokum í vor. Grimur Jónsson verktaki og menn hans ásamt undirverktökum hafa undanfarna mánuði unnið að viðgerðum og aðlögun húsnæðis að nýju hlutverki. Framkvæmdum lýkur í apríl.

Þann 4. febrúar sl. var Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra stödd á Eyrarbakka og skrifaði fyrir

hönd ráðuneytisins undir samning við Byggðasafn Árnesinga um 25 milljón króna stofnstyrk til safnsins vegna kaupa og framkvæmda við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Styrkur þessi á sér stoð í safnalögum þar sem viðurkennd söfn geta sótt um stofnframlag til uppbyggingar húsnæðis. Ráðherra skoðaði húsið og síðan skrifuðu hún og Lýður Pálsson safnstjóri undir samninginn.



Húsnæðið að Búðarstíg 22. hefur tekið stakkaskiptum og þykir nú hin mesta þrýði. Húsnæðið hefur að jafnaði verið nefnt Alpan-húsið, en nú þyrfti að finna byggingunni nýtt nafn í takt við nýtt hlutverk. Lýður Pálsson fór með mennta- og menningarmálaráðherra, ásamt öðrum gestum um húsið og kynnti fyrir þeim framtíðarhlutverk húsnæðisins.

Lagnþjónustan ehf
 Pípulagnir - Efnissala
 482 2311 ☎ 696 2311
 Skrifstofa Þjónustusími

Bílasprautun - Bílaréttingar
 Bílrúðuskipti

Bilverk BA
 - þar sem fagmennirnir vinna
 ★★★★★ Vottað verkstæði
 Gagnheiði 3 - Selfossi
 Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
 Öryggiskerfi
 Efirlitsmyndavélakerfi
 Hljóðkerfi
 Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
 sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
 sími 779 6777

FROST
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
 HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970
 Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
 Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

HAGBÓK

Sérfræðingar í þína þágu

Starfsfólk Hagbókar býður upp á alhliða þjónustu er kemur að verkefnum á sviði reksturs, fjármála og bókahlds.

Hagbók ehf. bókhaldsstofa
 Eyraveggi 37, 800 Selfoss
 www.hagbok.is s. 480 3340

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
 MACC í viðskiptafræði
 dnbokhalde@gmail.com
 s. 6933708

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
 Cabas tjonaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
 ☎ 480 8020

FYLGD
 Útfararþjónusta

Gísl G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigrúnsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACN AF VINNÁTTU!

BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
 Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
 Betri vörur - betra verð

Juubbii
 Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
 Hella - Hvolsvöllur
 Sími 772 6010

DFS.is
 FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is